



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF JÚNÍMÁNAÐAR 2024

🏠 VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

✉️ FV@VESTFIRDIR.IS
🌐 WWW.VESTFIRDIR.IS
☎️ 450-6600

SUMAR GÓÐRA FRÉTTA OG SVIKINNA LOFORÐA

Sumar er gengið í garð með sínum löngu dögum og björtu nóttum. Ys og þys sumarsins er svo skemmtilegur og dagarnir hreinlega þjóta hjá. Eins og gengur skiptast þó á skin og skúrir í vinnu okkar á Vestfjarðastofu og góðar fréttir blandast við þær sem ekki eru eins góðar.

Í júní hefur starfsfólk Vestfjarðastofu meðal annars unnið úr niðurstöðum íbúafunda sem haldnir voru í lok maí, sótt ráðstefnu í lagareldi, fengið heimsókn frá Ferðamálastofu, haldið stutt Fjórðungsþing að sumri og málþing um samfélagslega nýsköpun svo fátt eitt sé nefnt. Á sviði menningar er svo margt um að vera á Vestfjörðum þegar sumarið gengur í garð. Baskasetur í Djúpavík hóf starfsemi með opnun sýningar og þriggja daga metnaðarfullri dagskrá. Fjölmarginir viðburðir hafa verið haldnir sem styrktir eru af nýjum Sumarviðburðasjóði Ísafjarðarhafna og fleiri eru í vændum. Þessir viðburðir setja mikinn svip á mannlífið í Ísafjarðarbæ.

Vestfjarðastofa fékk myndarlegan styrk úr Barnamenningarsjóði til að halda Barnamenningarhátíðina Púkann í þriðja sinn vorið 2025 og fékk einnig styrk úr Lóunni til verkefnisins Blátt áfram – lausnir fyrri lífrænar virðiskeðjur þar sem markmiðið er að finna og þróa ný verðmæti úr lífrænum lífmassa sem fellur frá sjávarútvegi á Vestfjörðum. Auk þeirra styrkja er ánægjulegt að Blábankinn á Þingeyri fékk myndarlegan styrk úr Lóunni sem og Póls Engineering og Vésteinn Tryggvason. Starfsfólk Vestfjarðastofu er alltaf boðið og búið til að aðstoða við gerð styrkumsókna og hefur slík aðstoð orðið æ stærri þáttur í atvinnuráðgjöf sem Vestfjarðastofa veitir.

Góðar fréttir voru í mánuðinum af jarðhitaleit í Skutulsfirði sem góðir möguleikar eru á að nýtist til upphitunar húsa á Ísafirði. Þetta eru afar góðar fréttir sem eru afrakstur af langri jarðhitaleit sem staðið hefur yfir með löngum hléum í Skutulsfirði allt frá árinu 1963.



Slæmar fréttir bárust í lok mánaðarins af samgönguframkvæmdum í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði sem þrátt fyrir að vera fjármögnuð á gildandi Samgönguáætlun lítur nú út fyrir að verða frestað enn á ný. Það lítur út fyrir að enn um sinn verði 7 km. ónýtur kafli á Dynjandisheiðinni og að yfir hinn 70 ára gamla, ónýta veg um Ódrjúgsháls verði í fleiri ár ekið með þúsundir tonna af útflutningsverðmætum fyrir þjóðarbúið, hverra ráðherrar og þingmenn velja enn á ný að svíkja gefin loforð. Þessi staða er svo mikil svik við Vestfirðinga að undan sviður.

Hvað sem efndum á gefnum loforðum líður, bíður björt sumarnóttin og syngjandi lóan sem kalla okkur út að njóta alls þess besta sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða.

*Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu*

FERÐAMÁLASTJÓRI Í HEIMSÓKN

Arnar Már Ólafsson ferðamálastjóri og Elías Bj. Gíslason forstöðumaður Ferðamálastofu heimsóttu Vestfirði dagana 19. og 20. júní. Markaðsstofa Vestfjarða fundar með Ferðamálastofu tvisvar á ári um málefni ferðaþjónustunnar innan landshlutans. Annar fundurinn er haldinn í fjarfundi, en á hinum fundinum sækir Ferðamálastofa landshlutann heim. Oftast er um eins dags fundi að ræða, en í þetta sinn stóð hann í tvo daga sem voru nýttir til fullnustu með fjölmörgum heimsóknum til ferðaþjóna á svæðinu.

19. júní - Norðanverðir Vestfirðir

Ferðin hófst á Ísafirði þar sem fundað var með Gylfa Ólafssyni um móttöku skemmtiferðaskipa og stefnu Ísafjarðarbæjar í þeim efnum. Einnig var rætt um hugmyndir að nýrri sýningu sem er í skoðun að opna fyrir ferðafólk á Ísafirði. Í hádeginu gæddu gestirnir sér á dýrindis fiskmáltíð á Tjöruhúsinu og í framhaldi af henni var Hrafnseyri heimsótt og rætt þar við Inga Björn Guðnason staðarhaldara um safnið og framtíðaráform þessa merka staðar sem ól af sér lýðveldishetjuna Jón Sigurðsson. Deginum lauk í blíðskaparveðri á Hótel Flókalundi þar sem fundarmenn nutu glæsilegs kvöldverðar og hölluðu síðan höfði.

20. júní - Sunnanverðir Vestfirðir

Dagurinn hófst í Flókalundi á fundi með Eddu Kristínu Eiríksdóttur, sérfræðingi og landverði Umhverfisstofnunar, þar sem málefni Vatnsfjarðar, Dynjanda og Látrabjargs voru til umræðu ásamt uppbyggingu á þessum svæðum. Í framhaldi var fundað með Óðni Arnarsyni nýjum hóteltjóra um framtíðaráform hótelsins og hvernig best væri að nýta möguleika svæðisins til að laða að fleiri ferðamenn.



Hittu þeir Gunnþórunni Bender og Auði Steinberg hjá Westfjords Adventures á fundi þar sem fjallað var um áskoranir og tækifæri á sunnanverðum Vestfjörðum. Á Skrímslasetrinu hittu þeir nýja eigendur safnsins, Ásdísi Snót Guðmundsdóttur og Lilju Rut Rúnarsdóttur, og ræddu þetta einstaka safn.

Þeir Arnar og Elías voru ánægðir með heimsóknina vestur á firði. Þeir bentu á að svæðið ætti mikið inni með tilliti til ferðamennsku og að tækifæri leyndust víða.



SAMGÖNGUFRAMKVÆMDIR Á VESTFJÖRÐUM - ÁÆTLUNUM KOLLVARPAÐ OG STAÐAN ÓBOÐLEG

Vegna fréttar Kristjáns Más Unnarssonar á Stöð 2 miðvikudaginn 26. júní vill stjórn Vestfjarðastofu lýsa miklum vonbrigðum með þá stöðu sem enn og aftur er komin upp í samgönguframkvæmdum í fjórðungnum. Verið er að svíkja ítrekuð loforð ráðherra og þingmanna um að þær nýframkvæmdir sem eiga nú að vera á lokastigi framkvæmda í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði verði kláraðar eins fljótt og mögulegt er.

Minnt er á að í samþykkt Alþingis um breytingar á samgönguáætlun 2021, átti framkvæmdum að ljúka í Gufudalssveit nú á árinu 2024 og á Dynjandisheiði 2025. Endurskoða varð þessi áform með vísan til hækkunar kostnaðar og aukinna öryggiskrafna og í framhaldinu voru sett fram loforð um að um samhangandi framkvæmdir yrði að ræða og við það hefur verið staðið þar til á þessu ári. Ljóst er því að óbreyttu, munu gríðarlegar framkvæmdir síðustu ára ekki koma til með að nýtast þar sem enn eru erfiðir kaflar sem tefja og hamla för.

Enn lengist því í að stjórnvöld greiði niður hina háu viðhaldsskuld, sem safnast hefur upp gegnum áratugi og leitt til þess að vestfirsk samfélög hafa mátt sitja eftir við uppbyggingu sjálfsagðra innviða. Þessi staða hefur leitt til mikils ójafnræðis á stöðu innviða og þjónustu á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta og slakari samkeppnisstöðu atvinnulífs. Staða samfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðum er þar lökust og þar eru einu samfélögin á landinu með þéttbýliskjarna yfir 1000 íbúa sem þurfa að búa við að ekki sé hægt að aka á milli landshluta á bundnu slitlagi.

Það vekur furðu að nú stefni í að fleiri ár muni líða þar sem verður ekið með þúsundir tonna af sjávarfangi yfir hinn 70 ára gamla, ónýta veg um Ódrjúgsháls. Ljóst er öllum að þessi staða er með öllu óásættanleg.

Stjórn Vestfjarðastofu beinir því til Alþingis, ríkisstjórnarinnar og Vegagerðarinnar að tryggja að unnið verði eftir gildandi samgönguáætlun og verkefni í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði verði boðin út strax í sumar.



BASKASETUR OPNAÐ Í DJÚPAVÍK

Basketur Íslands hóf starfsemi með því að opna sýninguna 1615 í einum af sildartönkunum í Djúpvík þann 7. júní. Sýningin fjallar um hvalveiðar baskneskra sjómanna hér við land og þá skelfilegu atburði sem ýmist eru nefndir Spánverjavígin eða Baskavígin. Árið 1615 fórust basknesk skip í Reykjarfirði en mannbjörg varð. Skipverjar voru eltir uppi og drepnir eftir mikla eftirför af sýslumanninum Ara í Ögri og mönnum hans.

Basketur Ísland hefur unnið að því undanfarin ár að koma upp sýningu sem fjallar um þessa atburði, veru baskneskra sjómanna hér við land og tengsl Íslendinga við þá. Föstudaginn 7. júní var fyrri áfangi sýningar Basketurs opnaður í gömlu sildartönkunum á Djúpvík. Af þessu tilefni var þriggja daga dagskrá tengd sögu Baska á Íslandi í samvinnu við samstarfsaðila í Baskahéruðunum að viðstöddum sendiherrum Spánar og Frakklands. Xabier Agote forstjóri fornbátasafnsins Albaola í Pasaia á Spáni flutti baskneska sjóferðabæna og tónlistarmenn, bæði baskneskir og íslenskir, komu fram, fjölmargir fróðlegir fyrirlestrar voru fluttir og boðið var upp á baskneskan mat af ýmsu tagi. Í íðunni fræðslusetri var haldið námskeið þar sem kennd var smíði á baskneskum "txlaupa" léttabát undir leiðsögn íslenskra og baskneskra leiðbeinenda og er báturinn til sýnis í Djúpvík, þó ekki sé hann fullgerður.

Baskavinafélagið á Íslandi fékk myndarlegan styrk úr Creative Europe og hefur staðið að viðburðum í löndunum þremur ásamt samstarfsaðilum, m.a. Albaola á Spáni og Haizebegi í Frakklandi og hyllt baskneskan menningararf. Háskólaasetur Vestfjarða kemur að verkefninu með áherslu á sambúð manns og sjávar og sjálfbærni.

Baskavinafélagið á einnig í samstarfi við listasýninguna the Factory í Djúpvík og við Strandagaldur og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu.

Þessi fyrsti hluti sýningarinnar verður opinn almenningi í sumar án endurgjalds. Áætlað er að opna næsta hluta að ári, en þangað til er áætlað að halda áfram ríkulegu menningarsamstarfi milli þjóðanna. Verkefnið hefur m.a. hlotið styrki frá Áfram Árneshreppi, Menningar- og viðskiptaráðuneytinu, Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, Byggðaáætlun og Creative Europe.

Aðstendur sýningarinnar eru þeir Héðinn B. Ásbjörnsson, formaður Basketurs Íslands, Þórarinn Blöndal, sýningarhönnuður, og Ólafur J. Engilbertsson, formaður Baskavinafélags Íslands.



Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða - Samantekt á niðurstöðum



NIÐURSTÖÐUR ÍBÚAKÖNNUNAR BIRTAR

Birtar hafa verið niðurstöður íbúakönnunar landshlutanna sem framkvæmd var á landinu öllu sl. vetur. 586 manns af Vestfjörðum tóku þátt í könnuninni sem er 42% af úrtaki og 5% lægra svarhlutfall en í síðustu könnun sem var framkvæmd árið 2020.

Í fyrsta hluta íbúakönnunarinnar á blaðsíðum 4-47 má finna svæðisbundna greiningu búsetuskilyrða þar sem spurt er um ánægju íbúa innan ólíkra flokka. Í niðurstöðum er Vestfjörðum skipt upp í þrjú mismunandi svæði: Norðanverða Vestfirði, Sunnanverða Vestfirði og Strandir og Reykhóla. Koma svæðin mismunandi út í flokkunum sem spurt er um. Í heildarsamanburði má sjá að Strandir og Reykhólar verma botnsæti þeirra svæða sem landinu hefur verið skipt upp í, sunnanverðir Vestfirðir eru neðarlega á lista en hafa farið upp um fjögur sæti síðan í síðustu könnun er svæðið var í neðsta sæti, norðursvæði Vestfjarða er í 11. sæti af 25. og bætir sig frá síðustu könnun.

Á blaðsíðu 47 hefst kaflinn: staða og mikilvægi búsetuskilyrða. Þar er hægt að skoða breytingar á milli kannana ásamt samanburði við höfuðborgarsvæðið. Norðanverða Vestfirði að finna á blaðsíðum 83-85, Strandir og Reykhóla á blaðsíðum 101-103 og Sunnanverða Vestfirði á blaðsíðum 110-112.

Frá blaðsíðu 123 má finna niðurstöður annarra áhugaverðra spurninga líkt og hvar er gott að búa, búsetuáform, hamingju íbúa og miklu fleira.

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni allra landshlutasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins, ásamt Byggðastofnun. Þátttakendur voru um 11.500. Könnunin byggir á tilviljunarkenndu úrtaki. Könnunin var lögð fyrir á íslensku, pólsku og ensku. Íbúakönnunin var fyrst framkvæmd á Vesturlandi árið 2004 en síðan á þriggja ára fresti. Könnunin var nú framkvæmd í annað sinn á öllu landinu.

[HÉR MÁ LESA ÍBÚAKÖNNUNINA Í HEILD SINNI](#)

FORSVARSFÓLK LANDSHLUTASAMTAKANNA HITTIST Á VESTFJÖRÐUM

Landshlutasamtök sveitarfélaga um allt land eiga í miklu samstarfi og hittast reglulega til skrafs og ráðagerða. Í þetta sinn var árlegur sumarfundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka haldinn á Vestfjörðum, nánar tiltekið á Reykhólum og Ströndum.

Gist var í Bjarkalundi og fundað á Hólmavík. Á fundinum voru ýmis mál rædd svo sem endurmenntun starfsmanna, innri stefnur, sameiginlegir fundir og fjármögnun verkefna landshlutasamtaka. Einnig var gerð nýrra Sóknaráætlana landshluta rædd og farið yfir hvernig til hefur tekist með þá Sóknaráætlun sem er að ljúka.

Að fundi loknum var Galdur Brugghús skoðað og tók Aleksandar Kuzmanic einn eigenda Galdurs á mótí hópnum og leiddi um húsakynni brugghússins. Kvöldverður var snæddur í Bjarkalundi og morgninum varið í skoðunarferð á Reykhólum og nágrenni undir styrkri stjórn formanns Fjórðungssambands Vestfirðinga Jóhönnu Ösp Einarsdóttur.





LÓAN STYRKIR FJÖGUR VESTFIRSK VERKEFNI

Tilkynnt var um úthlutanir nýsköpunarstyrkja Lóu í upphafi mánaðar og komu fjórir styrkir til vestfirskra verkefna. Í ár bárust 89 umsóknir og styrki hljóta 27 verkefni sem nema tæplega 139 milljónir króna í heildina. Styrkjum úr Lóu er ætlað að styðja við eflingu byggða og landshluta með nýskapandi verkefnum, auk þess að hlúa að vistkerfi nýsköpunar á landsbyggðinni. Verkefnin eru á fjölbreyttum sviðum, frá nýskapandi verkefnum með sjálfbærni og fullnýtingu afurða að leiðarljósi til uppbyggingu innviða fyrir rannsóknir og þróun og innleiðingu nýrra aðferða og verkfæra fyrir nýsköpunarumhverfið.

Einn styrkurinn að upphæð 2.100.000 kr. kom í hlut Vestfjarðastofu fyrir verkefnið Blátt áfram - lausnir fyrir lífrænar virðisdeðjur. Markmið verkefnisins er að finna og þróa ný verðmæti úr lífrænum lífmassa sem fellur frá sjávarútvegi á Vestfjörðum.

Hæsta styrkinn á Vestfjörðum að upphæð 7.718.000 kr. hlaut samfélagsmiðstöðin Blábankinn á Þingeyri fyrir verkefnið Blábankinn í víðara samhengi. Í lýsingu segir: Blábankinn hefur burði og getu til að styrkja starf sitt með auknum viðburðum og samstarfi. Verkefnið gengur út á að festa sess þess sem tryggur aðili í alþjóðasamstarfi og sem helst sérfræðisetur um byggðaþróun og málefni dreifðra og jaðarsettra byggða.

POLS Engineering fékk styrk að upphæð 2.100.000 fyrir verkefnið Úrvinnsla og framsetning gagna úr SM4 snjósmælum. POLS ehf. er nýsköpunarfyrirtæki á Ísafirði sem hefur þróað snjósmæla sem kallast SM4 og eru nýttir til snjóflóðavöktunar. Afurðin samanstendur af mælunum, gagnaúrvinnslu og gagnaframsetningu á sérstakri vefsíðu. Í þessu verkefni verður gagnaúrvinnslan og framsetning endurbætt og gerð aðgengileg fyrir bæði sérfræðinga og almenning.

Þá hlaut 822.000 kr styrk Vésteinn Tryggvason fyrir verkefnið Shirako. Shirako er verkefni sem snýr að þurrkun og vinnslu á svilamjöli úr þorsksvilum. Einnig verður unnin innihaldsgreining á mjölinu, en svilamjöl má síðan nota í íslenskan landbúnað. Verkefnið verður unnið á Vestfjörðum og miðar að því að minnka sóun í sjávarútvegi með nýtingu á þorsksvilum sem hafa lítið verið nýtt.

SAMFÉLAGSLEG NÝSKÖPUN VEKUR ÁHUGA



Vestfjarðastofa stóð fyrir veffundum um samfélagslega nýsköpun. Vel var mætt á fundinn og ljóst að talsverður áhugi ríkir á málefnum. Hugtakið er fremur lítt þekkt hér á landi þó óhætt sé að fullyrða að fjölmargir starfi á sviði samfélagslegrar nýsköpunar eða leggi til við hana með framlagi sínu. Kveikjan að fundinum var þátttaka Vestfjarðastofu í Evrópuverkefnum MERSE sem er innan Norðurslóðaáætlunarinnar og snýr að því að þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og umgjörð fyrir samfélagsfrumkvöðla sem annað hvort vilja stofna eða þróa samfélagsdrifin verkefni í dreifðum byggðum. Þórkatla Soffía Ólafsdóttir er verkefnisstjóri MERSE hjá Vestfjarðastofu og fjallaði hún um það sem þegar hefur verið gert á vegum verkefnisins og vinnuna framundan, en verkefnið verður í gangi fram á mitt næsta ár. Þrjú verkefni á Vestfjörðum voru valin til þátttöku í MERSE, það eru Skriða á Patreksfirði, Galdrasýningin á Ströndum og Netagerðin á Ísafirði. Forsvarskonur þeirra, þær Birta Ósmann Þórhallsdóttir, Anna Björg Þórarinsdóttir og Heiðrún Björk Jóhannsdóttir sögðu stuttlega frá starfsemi sinni.

Einn helsti sérfræðingur á sviði samfélagslegrar nýsköpunar hér á landi er Stefanía Kristinsdóttir hjá Einurð og skýrði hún hugtakið og birtingarmyndir þess fyrir fundargestum. Sagði hún frá því hvernig þörfin fyrir samfélagslega nýsköpun birtist og að verkefnið spretti upp þar sem ekki er verið að mæta ákveðnum þörfum af hálfu fyrirtækja eða hins opinbera.

Samkennd er drifkrafturinn og árangursríkar leiðir byggja á þeirri forsendu að fólk geti sjálft best túlkað reynslu sína og leyst þær áskoranir sem það stendur frammi fyrir. Samfélagsleg nýsköpun tilheyrir oft þriðja geiranum sem kallast þá á við hefðbundna nýsköpun og opinbera nýsköpun. Meira má lesa um erindi hennar á heimasíðu okkar www.vestfirdir.is

MERSE snýr að samfélagslegri nýsköpun í dreifðum byggðum og er margt sem vinnur með henni í því samhengi, líkt og nálægð og tengsl við lykilaðila og lægri þröskuldar í styrkveitingum. Fólk á landsbyggðinni er líka oft næmara fyrir lýðfræðilegum áskorunum og skorti á innviðum, þá leiðir staðsetningin oft til þess að fólk búi yfir ríkari samfélagsvitund og þátttaka íbúa skiptir höfuðmáli.



GÓÐUR ÍBÚAFUNDUR Í ÁRNESHREPPI

Fimmtudaginn 20. júní var haldinn íbúafundur í félagsheimilinu í Trékyllisvík. Fundurinn var haldinn undir merkjum verkefnisins Áfram Árneshreppur, sem er heiti á þátttöku Árneshrepps í verkefninu Brothættar byggðir með aðkomu Byggðastofnunar. Verkefnið hefur staðið síðan í ársbyrjun 2018 og hófst raunar með íbúáþingi sumarið 2017, en því lauk um síðustu áramót. Við tekur svipað starf sem verður í höndum heimamanna sjálfra undir forystu nýskipaðrar framtíðarnefndar Árneshrepps.

Góð mæting var á fundinn og líflugar umræður. Arinbjörn Bernharðsson, formaður verkefnisstjórnar bauð gesti velkomna, en að því loknu fór Skúli Gautason, verkefnisstjóri, yfir ýmis verkefni sem unnin hafa verið undir merkjum Áfram Árneshrepps. Kristján Þ Halldórsson frá Byggðastofnun flutti ávarp en síðan tóku við umræður um fjóra málaflokka á borðum, þeir voru atvinnumál, skólamál, húsnaðismál og jarðhiti.

Talsverð innviðauppbygging hefur átt sér stað í Árneshreppi að undanfögnu og vonast er til að hægt verði að ljúka þrífösun rafmagns í sveitarfélaginu í sumar og samhliða henni er lagður ljósleiðari í nær öll hús, enda fékkst til þess styrkur úr Fjarskiptasjóði.

Framkvæmdum við Norðurfjarðarhöfn er að ljúka, en þær miða einkum að því að auka öryggi ferðamanna og eru unnar með styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Íbúum hefur fjölgað nokkuð í Árneshreppi að undanfögnu og nú eru komin tvö börn á grunnskólaaldri. Verið er að vinna að útfærslu á skólahaldi fyrir þau og stefnt er að því að rekstur Finnbogastaðaskóla hefjist að nýju 2025.

Eins og oft áður eru samgöngumálin efst í huga íbúa í Árneshreppsþúa og er mjög þrýst á stjórnvöld að seinka ekki veglagningu yfir Veiðileysuháls, enda er er allt tilbúið fyrir þá framkvæmd og hægt að fara í útboð strax ef fjármagn fæst í framkvæmdina.



Ljósmynd: KPH



SUMARMARKAÐIR

VESTFJARÐALEIÐARINNAR

Vestfjarðaleiðin er ferðamannaleið um Vestfirði og Dali með einstökum áningarstöðum og upplifunum þar sem auðvelt er að kanna króka og kima svæðisins og upplifa óspillta náttúru. Á svæðinu eru líka fjölmargir matvælaframleiðendur, handverksfólk og aðrir smáframleiðendur sem með framlagi sínu bæta enn frekar á jákvæða upplifun gestanna sem sækja okkur heim. Við viljum nú blása til kynninga á þessum aðilum með sumarmörkuðum á Vestfjarðaleiðinni í júlí.

Matvælaframleiðendur, handverksfólk, listafólk, smáframleiðendur og önnur sem vilja taka þátt í mörkuðunum eru hvött til að skrá sig til leiks sem fyrst og sýna hvað Vestfjarðaleiðin hefur upp á margt að bjóða. Hægt er að skrá sig til þátttöku á öllum mörkuðunum eða bara útvöldum. Þátttaka er gjaldfrjál.

Settir verða upp markaðir á fjórum stöðum og fjórum mismunandi dagsetningum sem hér segir:

Búðardalur 6. júlí

Hólmavík 14. júlí - á túninu við Galdrasýninguna

Patreksfjörður 15. júlí - á Torginu

Ísafjörður 26. júlí - Dokkan

Ef einhverjar spurningar eru má hafa samband við Þórkötlun hjá Markaðsstofu Vestfjarða á thorkatla@vestfiridir.is

[Skráning hér](#)



Vestfjarðaleiðin
#TheWestfjordsWay

SUMARVIÐBURÐASJÓÐUR SPRÚÐLAR FJÖRI

Í ár var settur á stofn sumarviðburðasjóður hafna Ísafjarðarbæjar og í vor var veittur styrkur til verkefna sem var ætlað að bæta bæjarbraginn í Ísafjarðarbæ í tengslum við komur skemmtiferðaskipa. Þegar hafa hin ýmsu verkefni komist í framkvæmd sem bæjarbúar og skipagestir hafa geta notið. Allan júnímánuð hefur staðið opin sýning Mirjam Maekalle, Litli Eistinn sem gat, í Bryggjusal Edinborgarhússins og standur hún til 14. júlí.

Tónlistarviðburðir sem sjóðurinn styrkti hafa auðgað menningarlífið. Denni, Trúbadorinn undir berum himni, hefur komið tvisvar fram og tvennir viðburðir í tónleikaröðinni Miðvikufjör hafa verið haldnir í garðinum við Húsið. Það var hin ísfirsa Salóme Katrín sem reið á vaðið og næst kom tónlistarkonan Rakel. Tríóið Hljómórar hélt ferna tónleika í Turnhúsinu í Neðstakaupstað undir yfirskriftinni Á þjóðlegum og veraldlegum nótum. Fleiri viðburða er að vænta frá þessum aðilum í sumar. Þá er líka fjör fyrir skipagesti sem aðra sem vilja spreyta sig á okkar ástkæru, ylhýru íslensku að taka þátt í verkefni Gefum íslensku séns sem hefur verið sett upp víðsvegar um Ísafjörð.

Það er enn nóg í vændum af viðburðum sem styrktir voru af sjóðnum: Flæðisker – opin myndlistarsýning Rannveigar Jónsdóttur í Tungu, hádegistónleikar með Gosa, Hádegisjazz Edinborgarhússins, Íslenskir trúbadorar á torginu, Leikið á safnkostinn í Byggðasafninu og Leiðsögn um sýningu á útilistaverkefnum Jóns heitins Sigurpálssonar.



ÍSAFJARÐARBÆR



MIKILVÆGI BLÁA HAGKERFISINS ÓTVÍRÆTT

Dagana 4.-6. júní fór fram ráðstefna félags fiskeldisstöðva í höfuðstöðvum Arion banka. Viðburðurinn var vel sóttur af helstu hagsmunaaðilum innan fiskeldisgeirans og íslenskum fjárfestum. Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt og mörg áhugaverð erindi.

Peter Thomson, sérskipaður sendiherra Sameinuðu Þjóðanna fyrir málefnum hafsins, flutti afar áhrifamikið erindi á fyrsta ráðstefnudegi. Þar lagði hann áherslu á bláa hagkerfið og hvernig hafið muni skipta höfuðmáli við að fæða vaxandi mannfjölda heimsins. Það má segja að hin bláu umskipti séu nú þegar hafin á Vestfjörðum með tilkomu sjókvíaeldis og fyrirhugaðrar ræktunar á öðru sjávarfangi.

Ragnheiður Þórarinsdóttir rektor Landbúnaðarháskólans kynnti niðurstöðu norræns verkefnis um viðhorf til fiskeldis. Áhugavert var í niðurstöðunum að almennt þekkingarleysi virðist ríkjá hér á landi um fiskeldi og hvaða áhrif það hefur miðað við samanburðarlöndin.

Á ráðstefnunni voru saman komnir bæði aðilar í sjókvíaeldi og landeldi. Aðilar í sjókvíaeldi töluðu af yfirvegun um að þeir telji eldið vera komið yfir byrjunarörðugleika við aðlögun þess á Íslandi. Hjá þeim kom fram að ekki væri gert ráð fyrir miklum fjárfestingum á næsta ári fyrir utan opnun nýrra eldissvæða. Kom fram að eldisaðstæður á Íslandi væru krefjandi og yfir kaldasta tímabilið væri engin vöxtur í laxinum, en að kuldinn skilaði þéttari vöðva og áferðarbetri laxi sem er eftirsóttur. Mikill hugur var aftur á móti í landeldismönnum sem sjá fram á gífurlegar vaxtahorfur til framtíðar á Reykjanesi.

Í orðum forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, kom fram mikilvægi greinarinnar sem hinnar fjórðu stoðar í útflutningsverðmætum og mikilvægi trausts lagaumhverfis fyrir greinina. Erna Björg Sverrisdóttir aðalhogfræðingur Arion Banka, sýndi að hlutur sjókvíaeldis hafi farið úr 0,8% af heildarútflutningsverðmætum þjóðarinnar í 2,5% undanfarinn áratug. Benti hún á í máli sínu að þar með væri alls ekki öll sagan sögð því þar koma ekki fram aukin umsvif annarra greina sem tengjast eldinu.



SKAPA.IS - FRÁBÆRT VERKFÆRI FYRIR FRUMKVÖÐLA

Ný og endurbætt skapa.is er komin í loftið. Um er að ræða nýsköpunargátt, upplýsingaveitu og fræðsluvef fyrir frumkvöðla og aðra aðila sem eru að stíga sín fyrstu skref í nýsköpunarumhverfinu. Skapa.is er ætlað að vera einn af grunninnviðum í stuðningi við frumkvöðla til að láta hugmyndir þeirra verða að veruleika.

Skapa.is er gjaldfrjál og opin öllum. Fræðsluhlutverk síðunnar getir öllum kleift að fræðast um nýsköpun og fá stuðning til að taka hugmyndir sínar áfram. Skapa.is var upphaflega sett á laggir í upphafi árs 2023 af Ólafi Erni Guðmundssyni en hefur nú fengið stærra hlutverk með stuðningi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins.

Meðal þess sem finna má á skapa.is er nýsköpunardagatal þar sem upplýsingar er að finna um alla helstu viðburði tengda nýsköpun sem eru á döfinni. Einnig má nálgast styrkjadagatal þar sem umsóknarfrestir styrkja eru tilgreindir ásamt upplýsingum um alla þá íslensku styrki sem frumkvöðlar og sprotafyrirtæki geta sótt um.


Skapa.is sinnir einnig mikilvægu fræðsluhlutverki fyrir bæði frumkvöðla og fjárfesta. Þar má m.a. finna greinargóðar upplýsingar og gagnlega hlekki um fyrstu skrefin í nýsköpunarumhverfinu, nýsköpun á landsbyggðinni, nýsköpunar- og viðskiptahraðla, klasa, setur, ýmis verkfæri og mismunandi fjármögnunarleiðir, fjárfestingasjóði, englafjárfestingar o.fl. Þar að auki er notendum beint á leiðir til að sækja ráðgjöf, endurgjöf og aðgengi að mentorum fyrir nýsköpunarverkefni.

Nýsköpunargáttin er einnig vettvangur fyrir nýsköpunarfyrirtæki til að sjá hvort þeirra lausnir geti leyst áskoranir hins opinbera. Þar er að finna upplýsingar um opinberar stofnanir sem leita til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja til að leysa þær áskoranir sem glímt er við og í framhaldinu mögulega semja um kaup á lausninni.

<https://skapa.is/>



Skapa.is





69. FJÓRÐUNGSPING AÐ SUMRI

69. Fjórðungsping að sumri var haldið í fjarfundi þann 19. júní. Þingið var haldið samkvæmt ákvörðun 69. Fjórðungspings að vori, þar sem dagskrárliðnum kosning kjörnefndar fyrir haustþing var frestað vegna kosninga í nýju sameiginlegu sveitarfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Tillögur sveitarstjórna voru sem hér segir um eftirfarandi aðal- og varafulltrúa í kjörnefnd:

Reykhólahreppur: Árný Huld Haraldsdóttir, aðalfulltrúi og Vilberg Þráinsson, varafulltrúi.

Strandabyggð: Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir, aðalfulltrúi og Hlíf Hrólfsdóttir, varafulltrúi.

Kaldrananeshreppur: Hildur Aradóttir, aðalfulltrúi og Ísabella Benediksdóttir, varafulltrúi.

Árneshreppur: Arinbjörn Bernharðsson, aðalfulltrúi og Eva Sigurbjörnsdóttir, varafulltrúi.

Ísafjarðarbær: Arna Lára Jónsdóttir, aðalfulltrúi og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, varafulltrúi.

Bolungarvíkurkaupstaður: Olga Agata Tabaka, aðalfulltrúi og Kristín Ósk Jónsdóttir, varafulltrúi.

Súðavíkurhreppur: Bragi Þór Thoroddsen, aðalfulltrúi og Aníta Björk Pálínudóttir, varafulltrúi

Vesturbyggð: Gunnþórunn Bender, aðalfulltrúi og Jóhann Örn Hreiðarsson, varafulltrúi.

69. Fjórðungsping að hausti verður haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði dagana 18.- 19. október n.k.. Umfjöllunarefni þingsins eru frumdrög Svæðisskipulags Vestfjarða og kynning á tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029

ÍBÚAKÖNNUN 2023: INNFLYTJENDUR ÓHAMINGJUSAMARI EN ÍSLENDINGAR

SSV birti á dögnum skýrslu þar sem dregin er fram afstaða innflytjenda í nýlokinni íbúakönnun landshlutanna og hún borin saman við afstöðu Íslendinga. Einnig var hún borin saman við afstöðu innflytjenda árið 2020 þegar síðasta könnun var framkvæmd.

Að mati innflytjenda jókst atvinnuöryggi á milli kannanna, en hafa ber í huga að síðasta könnun var framkvæmd árið 2020 er Covid-faraldurinn geisaði. Að mati innflytjenda hafa mun fleiri þættir versnað er tengjast búsetuskilyrðum þeirra en þeir sem löguðust. Mest munar um fasteignamarkaðinn (íbúðir til sölu og leigu) auk almenningssamgangna, heilsugæslu, afþreyingu og sorpmála. Athygli vekur að innflytjendur stóðu mun ver á fasteignamarkaði en Íslendingar jafnvel þó Íslendingar teldu enga aðra þætti verri meðal þeirra 40 sem taldir voru upp sem búsetuskilyrði í könnuninni.

Innflytjendur eru ítrekað óánægðari með skólana á Íslandi en Íslendingar. Fleiri innflytjendum hérlendis en Íslendingum finnst ferðamenn vera of margir þar sem þeir búa. Þeir eru líka almennt óánægðari með að búa þar sem þeir búa, líklegri til að flytja brott, óánægðari með þjónustu síns sveitarfélags og töluvert óhamingjusamari.

Á heimasíðu okkar má lesa [skýrsluna](#) á íslensku, ensku og pólsku.

SUMARMARKAÐIR

Vestfjarðaleiðarinnar



Búðardalur 6. júlí

Hólmavík 14. júlí

Patreksfjörður 15. júlí

Ísafjörður 26. júlí



SKRÁÐU ÞÁTTÖKU

HÉR!

Vestfjarðaleiðin
#TheWestfjordsWay